

Velferðarvaktin

Vinnuskýrsla hóps um þá sem standa höllum fæti nú eða stóðu höllum fæti fyrir kreppu mars 2009

Í hópnum voru: Guðríður Ólafsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Ellý Þorsteinsdóttir, Hjördís Árnadóttir, Linda Rós Alfreðsdóttir, Sveinn Magnússon, Theodor Birgisson, Margrét Steinarsdóttir og Vilborg Oddsdóttir, formaður hópsins. Hópurinn hefur haldið þrjá fundi.

Áhersla á þá verst settu

Hópurinn leggur þunga áherslu á að þeir sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standi nú enn verr þar sem niðurskurður í kerfinu bitnar fyrst á þeim sem mest hafa þurft á aðstoð að halda og vegna þess að mikil hækkun hefur orðið á öllum nauðsynjavörum og húsnæði. Hvetur hópurinn því til þess að í þeim niðurskurði sem framundan er sé verkefnum forgangsraðað en ekki skorið af öllu velferðarkerfinu því þá er hætta á að þessi hópur standi en verr þegar þjóðfélagið réttir úr kútnum aftur og þá með langvarandi fátækt.

Atvinnulausir

Huga þarf sérstaklega að þeim hópi sem er á leið út af vinnumarkaði, 60 ára og eldri, og að því unga fólki sem útskrifast úr námi í vor og á næstu önnum. Hópurinn hefur sérstakar áhyggjur af þeim sem ekki þurfa að mæta neins staðar og geta stimplað sig inn í gegnum tölvu því hætta er á að þeir einangrist og þá sérlega karlmenn sem ekki hafa tengsl við fjölskyldu sína. Nauðsynlegt er að virkja þennan hóp en til að ná til hans þarf að breyta reglum Vinnuálastofnunar, þ.e. að auðvelda aðgang að listum yfir atvinnulausa.

Það mætti ná til þessa hóps og þeirra sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum með því að koma á laggirnar eins konar virknistöð. Þegar einstaklingur er skráður atvinnulaus hjá vinnumiðlun þá yrði honum vísað á slíka stöð þar sem hann tengdist ákveðnum ráðgjafa og yrði að mæta þar reglulega. Þar yrði honum leiðbeint og hann aðstoðaður við að halda virkni. Það þarf að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir fyrir atvinnulausa þar sem þarfir þeirra eru mjög mismunandi, skapa vettvang og fá ólíka hópa að sama borði til að fá hluti í gang. Til að þetta sé unnt þarf að taka niður girðingar milli kerfa og auka samstarf stofnana.

Rætt var um að hægt væri að nýta þriðja geirann og íþróttafélögin betur, fá þar inn atvinnulausa í föst verkefni hvern dag og skilyrða bætur við verkefni.

Börn og ungmenni

Hópurinn hefur miklar áhyggjur af börnum og ungmennum í þeim fjölskyldum sem talið er að standi höllum fæti. Börn í þessum fjölskyldum stóðu illa fyrir, erfiðleikar eru á heimilunum, erfitt að nestu börnin í skólann og halda þeim í tómsundastarfi vegna kostnaðar. Í dag er staða þessara barna enn verri í dag. Leita þarf leiða til að bjóða börnum sem búa við bága fjárhagslega stöðu upp á niðurgreiddan mat bæði í skólum og á námskeiðum í sumar. Einnig er líklegt að einhver hópur barna efnaminni foreldra hafi alls ekki tækifæri til að sækja einstök sumarnámskeið enda er sumarið áhyggjuefni margra. Það þarf að nýta skóla, íþróttafélögin, ÍTR og sambærilega þjónustu hjá sveitarfélögum til að bjóða börnum námskeið sem mega ekki kosta mikið og þurfa að vera gjaldfrjáls fyrir vissa hópa. Nýta þarf þau úrræði sem fyrir eru og efla þau og í auknum mæli gera þau gjaldfrjáls fyrir börn, svo sem strætó, sund og aðra þá staði sem börn og fjölskyldufólk sækir. Þá þarf strax að huga að næsta skólaári, hafa hreinar línur með það hverjir eiga að greiða fyrir skólamáltíðir og hverjir ekki. Beina þarf því til grunnskóla að dreifa því sem börn þurfa að kaupa / greiða fyrir yfir allt skólaárið. Bent er á að mikill munur er á verðskrá sveitarfélaga vegna skólamáltíða eða frá 0 kr. og upp í 400 kr.

Ungmenni í framhaldsskóla sem unnu með námi til að geta tekið þátt í félagslífi jafnfætis vinum geta ekki lengur gert það og sum eiga á hættu að heltast úr námi því vinnan gerði þeim kleift að sækja skóla. Skýrar línur þurfa að vera hvert þau ungmenni geti sótt aðstoð. Efla þarf náms- og félagsráðgjöf bæði á grunn- og framhaldsskólastigi og nota þau úrræði sem til eru. Samvinna við kennara er mikilvæg til að fylgjast með breytingum á högum nemenda og grípa inn í áður en vandinn verður of mikill. Passa þarf upp á að öll börn geti lifað við tryggjar aðstæður og að rúttína þeirra raskist sem minnst hvað varðar skóla og tómsundir, nægileg röskun er heima fyrir. Huga þarf sérstaklega að útlendum börnum innan skóla og tómsundaúrræða fyrir þau.

Eftirlaunaþegar

Hópur sem ekki hefur mikið verið fjallað um síðustu vikur er eftirlaunaþegar. Þeir sem eru aðeins með eftirlaun búa við mjög kröpp kjör. Mikill lyfja- og læknskostnaður íþyngir hópnun og hætta er á að hann sæki ekki þá þjónustu sem hann þarf þegar ekki er til fyrir reikningum.

Einstæðir foreldrar

Einstæðir foreldrar eru hópur sem var viðkvæmur fyrir og kreppan hefur haft mikil áhrif á, sérstaklega ef þeir sem eina fyrirvinnan hafa orðið atvinnulausir. Þeim reynist mun erfiðara að ná endum saman, þurfa meðal annars að draga úr tómsundum barna og þeir hafa almennt miklar fjárhagsáhyggjur.

Láglaunafólk

Greiðslubyrði hefur vaxið hjá láglaunafólki, það á mjög erfitt að láta enda ná saman, það hefur orðið fyrir tekjumissi vegna skertrar vinnu og fólk getur ekki lengur staðið í skilum. Barnabætur sem voru nýttar til að standa straum af kostnaði vegna tómsunda og

fatakaupa þurfa nú að renna í mánaðarlega reikninga og því ekki neitt til þegar kemur að þörfum barnanna.

Misgengishópur

Lántakendur í svokölluðum misgengishóp eru í mikilli hættu á að festast í fátækt verði ekki gripið til sértækra úrræða fyrir hluta hans.

Námsmenn og ungt fólk sem er að ljúka námi

Námsmenn hafa hingað til getað séð fyrir sér og fjölskyldum sínum með því að vinna með námi. Þegar sá möguleiki er ekki til staðar er hætta á að þeir nái ekki endum saman. Umsóknnum frá námsmönnum hjá félagsþjónustu og hjálparstofnunum hefur aukist.

Utangarðsfólk

Allt að 100% aukning hefur verið á komu utangarðsfólks á Kaffistofu Samhjálp. Það fólk á mun erfiðara með að greiða lyf og læknskostnað nú. Samhjálp, Hjálpræðisherinn og Reykjavíkurborg sinna þessum hópi vel. Útigangsfólki má umfram allt ekki fjölga.

Útlendingar búsettir á Íslandi

Launafólk innan EES: Margir unnu láglau nastörf í byggingariðnaði og eru nú atvinnulausir. Hluti þeirra á húsnæði og er með fjölskyldu hér á landi. Um þennan hóp gildir það sama og um atvinnulausa Íslendinga og íslenskar láglau nafjölskyldur fyrir utan að þeir hafa að öllu jöfnu ekkert stuðningsnet í kringum sig. Eitthvað hefur borið á því að þeir útlendingar sem hafa farið til síns heima hafi komið aftur því þeir telja sig betur setta hér.

Launafólk utan EES: Það fólk er illa státt ef það hefur ekki búsetuleyfi, er búið að vera skemur en fjögur ár og hefur misst vinnuna. Það getur þá átt á hættu að vera vísað úr landi þrátt fyrir að hafa búið og starfað hér á landi í nokkur ár. Á þetta til dæmis við um ungt fólk frá 18 ára þrátt fyrir að foreldrar séu búsettir hér á landi.

Útlendingum sem sækja til Mæðrastyrksnefndar, Kaffistofu Samhjálp, Hjálparstarfs kirkjunnar o.fl. slíkra hefur fjölgað. Bæta þarf upplýsingar til útlendinga, huga betur að reglum til dæmis hjá félagsþjónustunni (margir þora ekki að sækja vegna reglna um ríkisborgararétt) og standa þarf vörð um starfsemi Alþjóðahússins. Huga þarf að börnum þessa hóps.

Öryrkjar

Hluti þeirra sem eru á örorkubótum, svo sem einstæðingar, stóð höllum fæti fyrir kreppu og er sá hópur stór hluti þeirra sem nú leita mataraðstoðar. Aðstaða þessa hóps hefur versnað síðustu mánuði og þá fyrst og fremst vegna hækkandi vöruverðs, lyfja- og læknskostnaðar. Bent skal sérstaklega á að þeir sem hafa verið á örorkubótum alla sína starfsævi búa við mesta fátækt. Öryrkjar hafa einnig sóst eftir ráðgjöf í auknum mæli og sérstaklega þar sem hægt er að fá hana án endurgjalds. Nýir hópar eru að leita sér ráðgjafar, bæði fólk með geðræn vandamál og aðstandendur, fólk í mikilli krísu. Mikil hætta er á að fleiri þurfi aðstoð úr hópi öryrkja og hópi einstaklinga sem stóðu höllum fæti á vinnumarkaði, sjúklingar og eldra fólk.

Sameiginlegt öllum hópum

Framfærsla sveitarfélaga

Atvinnulausum sem þurfa aðstoð félagsþjónustu úr hópi verktaka og sjálfstæðra atvinnurekenda sem ekki áttu rétt á atvinnuleysisbótum hefur fjölgað. Neðanjarðarhópur sem vinnur svart. Sá hópur ungs fólks á aldrinum 18–20 ára sem þarf aðstoð félagsþjónustunnar vex. Einnig er aukinn þungi í ráðgjöf og aðstoð við þann hóp sem stóð illa fyrir kreppu þar sem aðstæður hans hafa versnað til muna. Þessi hópur sýnir mjög litla virkni þar sem þess er ekki lengur krafist að hann mæti og stimpli sig inn.

Lyfja- og lækniskostnaður

Mjög margir úr framangreindum hópum glíma við mikinn lyfja- og lækniskostnað. Því er mjög brýnt að koma á kostnaðarþaki varðandi það. Leggur hópurinn til að þeirri vinnu sem var í gangi á vegum heilbrigðisráðuneytisins verði lokið þar sem það er mikilvægt að fólk geti sótt þá læknisaðstoð sem það þarf, velji hana ekki frá þegar valið stendur milli þess að kaupa mat, fara til læknis eða kaupa lyf.

Ráðgjöf og framsetning upplýsinga

Allir hópar sækjast eftir aðstoð/ráðgjöf á margvíslega staði. Til að unnt sé að mæta því þurfa fagmenn að vera vel upplýstir og með góðan stuðning. Við mælum með að komið verði á fót aðgengilegum upplýsingabanka og fræðslu sem auðveldar fagfólki að fræða, leiðbeina og upplýsa almenning. Nauðsynlegt er að huga að framsetningu upplýsinga, hafa þær á máli sem allir skilja, auðlesnu máli, jafnvel upplýsingar í sjónvarpi og útvarpi sem settar yrðu á Netið þannig að unnt sé að nálgast leiðbeiningar og upplýsingar auðveldlega. Hugmynd væri að koma af stað netspjalli þar sem borgarar geta sent inn fyrirspurnir á einn stað og fengið svör eða leiðbeiningar, jafnvel þörf á félagsráðgjafasíma. Eins þarf að hafa í huga að fagmenn eru að vinna í nýjum aðstæðum og þurfa jafnvel ný verkfæri til að vinna með. Þess vegna er nauðsynlegt að fagráðuneyti og sveitarfélög standi fyrir opinni umræðu og viðeigandi fræðslu fyrir starfsmenn.

Eins er mikil þörf á ráðgjöf, félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og aðgengi að geðlæknum. Almenn er langur biðlisti ef fólk getur á annað borð greitt fyrir svona þjónustu. Sveitarfélög eru að draga úr þessari þjónustu bæði til að spara og eins eru of miklar annir hjá þeim svo ráðgjöf verður ónóg. Til að mæta þessari þörf hafa mörg félagasamtök reynt að bregðast við, svo sem með opnun Rauðakrosshússins og Öryrkjabandalag Íslands hefur ráðið félagsráðgjafa í 50% starf og hefur Hjálparstarf kirkjunnar gert slíkt hið sama. Bendt er á að útbúa má segul með lykilsímanúmerum og netföngum sem fólk smellir á ísskápinn, líkt og geðorðin tíu.

Húsnæðismál

Hópurinn telur mjög mikilvægt að vel sé hugað að úrræðum í húsnæðismálum en ekki vannst tími til að fjalla nóg um málið. Í öllum hópum sem nefndir eru er stór hluti sem glímur við öoryggi í húsnæðismálum, ýmist vegna þess að fólk er hætt að geta staðið í

skilum með afborganir eða leigu eða vegna þess að það hefur í upphafi ekki haft efni á mannsæmandi húsnæði, er í mislélegum herbergjum með ónóga eldunar- og hreinlætisaðstöðu. Svo eru þeir sem eru í óvissu, bið eftir húsnæði frá sveitarfélögum og eru jafnvel á götunni. Brýnt er að girða fyrir að fleiri lendi í þeim hópi um leið og reynt er að leysa mál þeirra sem fyrir eru.

Grunngildin og fjölmiðlar

Hópurinn beinir því til fjölmiðla að taka upp virka umfjöllun um lífsgildi og vekur athygli á að það er þörf á að fjalla um hvað séu grunngildi og hver séu þau „gervigildi“/viðmið sem fólk hefur búið sér til undanfarin ár. Skilja þarf þarna á milli og styrkja og styðja grunngildin, viðhalda þeim og hugsa til lengri tíma.

Gjaldþrot

Eins vill hópurinn vekja athygli á að það þarf að breyta ábyrgðarmannakerfi lána þannig að gjaldþrot eins taki ekki aðra með sér.

Samvinna

Loks bendir hópurinn á að kerfin verða að tala og vinna saman og þurfa að geta brugðist fljótt við áður en vandinn verður of víðtækur.